

Reykjavík 17.12.2019

**Byggingafulltrúi
Geislagötu 9
600 Akureyri**

Málefni: Fyrirspurn vegna fyrirhugaðrar breytinga á inngangi í starfsmannarými

Fyrirhugað er að færa starfsmannarými Glerártorgs vegna þeirra breytinga sem nú standa yfir í verslunarmiðstöðinni. Ein tillaga sem er í skoðun er að færa aðstöðuna í rými á millipalli ofan við verslunarrými 27, 28 og 29.

Í dag er aðkoman að rýminu á 1.hæð í gegnum tvær útidyrhurðir en áhugi er fyrir að byggja lokað skýli yfir báða inngangana til að tengja þá saman.

Skýlið gæti verið létt / hálf opið og ekki endilega upphitað en aðal atriðið er að veita starfsfólki skjól frá vatni og vindum. Ekki er talið ásættanlegt að starfsmenn þurfi að fara út í öllum veðrum til að nýta starfsmannaaðstöðuna.

Ljóst er að ekki er þó hægt að útfæra þessa lokun án þess að skýlið fari útfyrir byggingarreit samkvæmt gildandi deiliskipulagi.

Fyrir hönd eiganda Glerártorgs óskum við eftir álitni byggingaryfirvalda hvort hægt er að veita leyfi fyrir ofangreindri breytingu án þess að breyta þurfi deiliskipulagi. Líklegt er að fyrirhugað skýlið fari u.þ.b. 3x5metra útfyrir byggingarreit. Ef tekið er jákvætt í erindið munu hönnuðir útfæra nánari teikningar og senda inn til byggingarfulltrúa ásamt byggingarleyfisumsókn.

Teikningar sem sýna dæmi um stærð og ásýnd skýlis er sent með erindi til skýringar.

Aðalhönnuður og hönnunarstjóri er:

Svava Bragadóttir

kt 201076-4719

svava@ark.is

Tengiliður verkkaupa er:

Guðbjartur Magnússon

gm@eik.is

Virðingarfyllst

Svava Björk Bragadóttir